

Samkomulag um samskipti ákærvalds og héraðsdómstóla

1. gr.

Framlagning skjala í sakamálum, sem eru 50 bls. eða meira, skal vera með þeim hætti að sérstaklega eru lögð fram með áframhaldandi blaðsíðutali þau skjöl sem kröfur og sönnunarfærsla ákærvaldsins byggist á. Blaðsíðatal skal koma fram í hægra horni neðst. Skjölin skulu að jafnaði lögð fram í sömu röð og ákæruliðir, sé fleiri en einum til að dreifa. Málsskjölum ákærvalds skal ávallt fylgja yfirlit yfir þau útgjöld sem rannsóknaraðilar hafa haft af málinu og teljast til sakarkostnaðar. Þ. á m. vegna starfa sérfróðra aðila, ferðakostnaðar vitna og launa verjanda og réttargæslumanna á rannsóknarstigi, þ.m.t. þeirra sem ekki fylgja máli eftir fyrir dómi. Sækjandi skal gera verjanda og réttargæslumanni sem tilnefndur eða skipaður hefur verið við löggreglurannsókn viðvart með tölvupósti ef annar verjandi eða réttargæslumaður er skipaður við dómsmeðferð málsins.

2. gr.

Þegar sakamál er höfðað og ákærði hefur hlotið fullnaðardóm eða viðurlagaákvörðun fyrir öðrum héraðsdómstóli eða ákærði hefur gengist undir sátt hjá löggreglustjóra skulu endurrit dóms, viðurlagaákvörðunar eða sáttargerðar fylgja málsskjölum, enda megi ætla að dómur eða sáttargerð geti haft þýðingu fyrir niðurstöðu í málinu.

3. gr.

Nú hefur ákærði sætt gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar brots sem hann er ákærður fyrir en ekki setið inni allan varðhaldstímann og skuli þá málinu fylgja upplýsingar um hve lengi ákærði sat í gæsluvarðhaldi.

4. gr.

Ákæra skal send héraðsdómstól með rafrænum hætti um leið og málið er sent dóminum til meðferðar. Hver og einn héraðsdómstóll skal tilkynna embættum löggreglustjóra, héraðssaksóknara og ríkissaksóknara um það netfang sem senda ber ákærur á.

5. gr.

Gæta skal þess að tilkynningar um þinghöld komist vel til skila til sækjanda ekki síst þegar um er að ræða breytingar á fyrirtökutíma sem ákveðinn hefur verið. Dómari boðar verjanda ákærða og réttargæslumann brotaþola til þinghalds í ákærumálum.

6. gr.

Frumrit fyrikalls skal senda löggreglustjóra eða héraðssaksóknara til birtingar og afrit til sækjanda málsins starfi hann hjá öðru embætti, eða tilkynna sækjandanum um þingfestingardag með öðrum öruggum hætti. Birt fyriköll skulu send dóminum þegar estir birtingu.

7. gr.

Héraðsdómari skal tilkynna ríkissaksóknara um endurupptöku útvistarmáls skv. XXIX. kafla laga nr. 88/2008 um leið og málið hefur verið endurupptekið. Tilkynningin sendist á netfangið saksoknari@saksoknari.is.

8. gr.

Endurrit dóms eða viðurlagaákvörðunar, ásamt ákæru, sakavottorði, tilkynningu til sakaskrár og endurrit af þinghaldi þegar dómur er kveðinn upp eða viðurlög ákvörðuð, skal héraðsdómur senda ríkissaksóknara án tafar. Héraðsdómur skal senda ríkissaksóknara afrit af viðurlagaákvörðun samdægurs á netfangið saksoknari@saksoknari.is.

9. gr.

Handhafar ákæruvaldsins klæðist ætíð skikkjum í þinghöldum, þ.m.t. þegar beiðnir um rannsóknarúrskurði eru teknar fyrir í dómsal.

10. gr.

Dómstólar gefa upplýsingar um efni ákæru þegar um lokuð þinghöld er að ræða, auk upplýsinga um fyrirtökur og um dómsuppsögu.

11. gr.

Í dóumum í sakamálum er rétt að fram komi nöfn sækjanda og verjanda með sama hætti og í dóumum Hæstaréttar.

12. gr.

Samkomulag þetta tekur þegar gildi.

Reykjavík, 19. desember 2019

Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari

Benedikt Bogason formaður stjórnar dómstólasýslunnar